

REGLUGERÐ

um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 318 1. ágúst 1985.

1. gr.

Liður 1.1.3. 3.mgr. orðist svo:

Um skilgreiningar að öðru leyti vísast í viðauka A og viðauka B með skipulagsreglugerðinni. Þar má finna lista yfir helstu orð og hugtök sem notuð eru í skipulagsáætlunum.

2. gr.

Liður 4.3.7. orðist svo:

Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna legu og mörk sumarbústaðalóða og staðsetningu sumarbústaða.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal þess gætt að sumarbústaðir, orlofsbústaðir, veiðihús, sæluhús, fjallaskálar o.þ.h. séu ekki nær sjó eða stöðuvötnum en 50 m. Um frjálsa umferð fótgangandi manna vísast til ákvæða í lögum um náttúruvernd nr 47/1971.

Í byggingar- og skipulagsskilmálum skal m.a. kveða á um stærð húsanna, gerð þeirra og hæð, þakform og þakhæð, lit húsa og þaka, gerð girðinga, bifreiðastæða og bifreiðageymslna þar sem þær eru leyfðar. Einnig má kveða á um gerð skjólbelta og annars gróðurs á lóðunum.

Sumarbústaðalóð skal að jafnaði eigi minni en 2500 m². Í sumarbústaðahverfum þar sem séð er fyrir rúmgóðum opnum svæðum til almenningsþarfa, er heimilt með samþykki skipulagsyfirvalda að víkja frá ákvæðum um lóðarstærð í deiliskipulagi. Á byggingarreit orlofshúsapýrpingar getur nýtingarhlutfall verið allt að 0.05.

Nú er aðal- eða svæðisskipulag ekki fyrir hendi og getur sveitarstjórn leyft einstaka sumarbústaði, veiðihús, sæluhús, fjallaskála o.þ.h. að fenginni umsögn frá Náttúruverndarráði, Hollustuvernd ríkisins og viðkomandi jarðanefnd, enda liggja fyrir samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

Um tjaldsvæði, stæði fyrir tjaldvagna og hjólhýsi skal gætt ákvæða í IX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 og ákvæða í greinum 6.10.7.10. og 6.10.8. í byggingarreglugerð.

3. gr.

Liður 4.3.8. 3. mgr. orðist svo:

Við samkomuhús, svo sem kvikmyndahús, leikhús eða félagsheimili, skal séð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði fyrir hver 6 sæti í húsinu. A.m.k. eitt þessara stæða nálægt inngangi skal vera sérstaklega merkt fyrir hreifihamlaða. Sé um samnotkun bifreiðastæða að ræða má víkja frá kröfum þessum og fara eftir mati byggingarnefndar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild skipulagslaga nr. 19 frá 21. maí 1964 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1992.

Umhverfissráðuneytið, 12. maí 1992.

F. h. r.
Páll Línal.

Hrafn Hallgrímsson.